

Ed.

637. Nefndarálit

[59. mál]

um frv. til l. um launajöfnuð kvenna og karla.

Frá 1. minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Frumvarp þetta flytja þrír Alþýðuflokksmenn, þ. e. allir Alþýðuflokksmennirnir í efri deild, og mun því mega telja, að þar komi fram afstaða flokksins til launajafnaðar kvenna og karla. Ekki er hægt að segja, að sú afstaða sé sérlega skelegg eða myndarleg.

Efni frumvarpsins er, að laun kvenna skuli á sex árum hækka „til jafns við laun karla fyrir sömu störf í eftirfarandi starfsgreinum: almennri verkakvennavinnu, verksmiðjuvinnu og verzlunar- og skrifstofuvinnu“.

Manni verður fyrst fyrir að spyrja: Hvers vegna ekki jöfn laun kvenna og karla fyrir sömu störf í öllum starfsgreinum? Hér virðist ekki verið að hugsa um að tryggja öllum konum sama rétt. Áhuginn ekki heilsteyptari en þetta.

Ekki skal heldur samkv. frumv. fara hraðara en það til jafnréttisins, að launamunurinn jafnist um $\frac{1}{6}$ hluta á ári, svo að það taki sex ár að koma honum í kring.

Sett skal samkv. frumvarpinu ríkislaunuð nefnd manna, er stéttarfélag kvenna skulu sækja um þessar launahækkunir til, eða að minnsta kosti verða stéttarfélagin að fá árlega hjá nefndinni staðfesta hækkunina. Og fleira er í frumvarpinu af fyrirmælum, sem hafa í för með sér skriffinnsku í sex ár og hlaup aftur og fram.

Engu er líkara en að Alþýðuflokkurinn sé feiminn við að bera fram málefni jafnréttisins og vilji seinka því, að konur komi í kring þessu áhugamáli sínu. Við hvað er hann feiminn? Er hann feiminn við félaga sinn, Sjálfstæðisflokkinn? Eða lumar hann sjálfur á íhaldsseminni, er í frumvarpinu felst? Tillögu um skipun óþarfrar nefndar á launum í sex ár undrast vissulega enginn úr þeirri átt.

Með frumvarpinu er ekki verið að flýta fyrir því, að allar konur í landinu öðlist jafnlaunaréttinn, sem sumar þeirra hafa þegar fengið, heldur tefja fyrir því. Í frumvarpinu segir að visu, að ekki sé með slíkum lögum skertur réttur stéttarfélaganna til að semja um það við vinnuveitendur, að launajöfnuður skuli ganga í gildi á skemmri tíma. En hverjum dettur í hug, að vinnuveitendur færu að semja um slíkt, þegar búið væri að setja löggjöf um sex ára selfærslutíma? Til þess væri alls ekki hægt að ætlast.

Launajafnréttið er að ryðja sér til rúms, og ekki þýðir fyrir neinn að þrjókast á móti því. Íslendingar hafa þegar skuldbundið sig til að koma því á hjá sér.

Ísland hefur gerzt aðili að Alþjóðavinnuálagstofnuninni og fullgilt jafnlaunasmþykkt hennar. Lögleitt hefur verið, að ríkið greiði konum, sem eru í starfsmannaliði þess, sömu laun og körlum fyrir sömu störf. Bæjarfélag munu yfirleitt gera slíkt hið sama. Samið hefur verið um, að konur, sem vinna í sumum starfsgreinum verkakvenna, svo sem við vissar tegundir fiskverkunar, hafi sama kaup og karlmenn.

Eftir er aðeins að stíga sporið heilt, svo að allar konur, sem selja vinnu sína, njóti sama réttar.

Ekkert samræmi er í því, að þær konur, sem enn hafa ekki fengið jafnlaunaréttinn, fái hann treglega útilátinn í sjöttupörtum, eina sneið á ári í sex ár, — eins og Alþýðuflokksmennirnir leggja til í frumvarpinu.

Ég legg til, að allar konur fái jafnlaunaréttinn vafningalaust 1. júlí n. k. Flyt um það breytingartillögur við frumvarpið á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 23. marz 1961.

Karl Kristjánsson.